



# 2009

[Fyrstu skráðu heimildir um golfiðkun í Skagafirði eru frá Landsmóti sem haldið var á bökkum Héraðsvatna, Vallarbökkum árið 1944. Leikið var á 9 holu velli.]

[Handbók vegna barna- og unglingastarfs GSS]





## Golfklúbbur Sauðárkróks

Golfklúbbur Sauðárkróks býður upp á metnaðarfulla kennslu og gæðastarf fyrir börn og unglinga þar sem þeim eru skapaðar sem bestar aðstæður til þess að æfa og stunda golf. Unglinganefnd fer fyrir barna- og unglिंगastarfinu og skipuleggur starfið í samstarfi við stjórn GSS. Mikið er lagt í að vera með hæfan þjálfara sem gætir þess að allir njóti sín á eigin forsendum og að enginn verði útundan.

- Golfkennsla fyrir börn og unglinga hefst mánudaginn 8.júní og lýkur með uppskeru hátíð í ágúst eða í byrjun september.
- Svæðið er opið frá kl:10 :00 – 15:00 frá mánudegi til fimmtudags
- Á föstudögum er svæðið opið frá kl. 10:00 til kl. 12:00 og er föstudagsmót annan hvern föstudag.
- Gjald er kr. 14.000 fyrir 12 ára og yngri, kr. 17.000 fyrir 13-15 ára og kr. 22.000 fyrir 16-19 ára.
- Hægt er að millfæra gjaldið á eftirfarandi reikning:

**Golfklúbbur Sauðárkróks**  
**kt.: 570884-0349, banki:161-26-144**

- Eða semja við gjaldkera um annað greiðslufyrirkomulag.





## STJÓRN GSS 2009

**Formaður :** Margrét Stefánsdóttir,  
453 6871 - 895 0712 - [grunur@simnet.is](mailto:grunur@simnet.is)

**Varaform.:** Sveinn Allan Morthens  
453 8138 - [allan@islandia.is](mailto:allan@islandia.is)

**Ritari:** Sigríður Elín Þórðardóttir  
[sigridur@byggdastofnun.is](mailto:sigridur@byggdastofnun.is)

**Gjaldkeri:** Ragnheiður Matthíasdóttir,  
[rama@arskoli.is](mailto:rama@arskoli.is)

### **Aðrir í stjórn:**

Björn Sigurðsson (formaður vallarnefndar)  
Guðni Kristjánsson (formaður mótanefndar)  
Pétur Friðjónsson (formaður unglínganefndar)

## BARNA- OG UNGLINGARÁÐ GSS 2009

Pétur Friðjónsson, formaður  
[petur@sauðarkrokur.net](mailto:petur@sauðarkrokur.net) – 825 4523

Unnar Ingvarsson  
[skjalasafn@skagafjordur.is](mailto:skjalasafn@skagafjordur.is) – 892 6640

Árný Árnadóttir  
[arny@hskrokur.is](mailto:arny@hskrokur.is) – 849 9420

Hjörtur Geirmundsson  
[hjortur@fjolnet.is](mailto:hjortur@fjolnet.is) - 821 7041

**Þjálfari/kennari:**  
Ólafur Gylfason  
[oligolf@simnet.is](mailto:oligolf@simnet.is) – 659 9815



## NOKKUR ORÐ FRÁ BARNA- OG UNGLINGARÁÐI GSS

Það er von okkar í unglingaráði GSS að þetta kver geti nýst þátttakendum í Golfskólanum og foreldrum til að setja sig inn í dagskrá sumarsins.

Einnig vonum við að foreldrar sjái sér fært að aðstoða okkur við starfið í sumar þá sérstaklega þegar mót og uppákomur verða á vegum barna- og unglingaráðsins, eins þiggjum við allar hugmyndir og aðstoð við að ná inn fjármagni til að standa straum að kostnaði við starfsemina.

Undirritaður vill taka fram að við sem komum að þessu starfi í nafni GSS gefum vinnu okkar og fara því allri fjármunir í reksturinn.

Sú gleðilega breyting varð eftir áramót að við fengum aðstöðu inni hjá reiðhöllinni Svaðastöðum og var mæting með ágætum. Við munum nota sumarið og haustið til að bæta við búnaði til að hægt verði að halda þessu starfi áfram. Það er mikilvægt þar sem börnin ná að halda „sveiflunni“ mjúkri og geta því byrjað að krafti frá fyrsta degi um sumarið í Golfskólanum.

Það er ljóst að í sumar verður mikið um að vera má þar sérstaklega nefna Norðurlandsmótaröðina og í þeirri röð er stærsta mót síðustu sumur, NÝPRENT-OPEN. Í vetur var farið af stað í vinnu með nokkrum klúbbum hér fyrir norðan og úr varð þessi mótaröð. Verða fjögur mót þar sem þrjú bestu telja til stiga. Nánari kynning er aftar í þessu hefti.

Það verða ýmsar uppákomur í sumar og munum við gera okkar besta til að Golfskólinn skili árangri og umfram allt að þátttakendur njóti þess að stunda golfíþróttina.

Með golf- og sumarkveðju,

*Pétur Friðjónsson,  
Formaður barna- og unglingaráðs GSS*



## PGA ÞJÁLFARI:

### Ólafur Auðunn Gylfason



Peir sem stunduðu Golfskóla GSS 2008 þekkja aðalþjálfara félagsins en fyrir þá sem ekki þekkja hann þá er hér stutt kynning:

Ólafur Auðunn Gylfason heiti ég og er fæddur 5 ágúst 1968.

Eiginkona mín er Alda Stefánsdóttir leikskóla-kennari. Við eigum synina Björn Auðunn '94 og Stefán Fannar '97.

Ég er múrari að mennt og starfa við það í dag ásamt golfkennslu. Ég hef ný lokið PGA golfkennara-skólanum, maí 2009. Sumarið 2007 sá ég um barna og unglinga kennslu á Grenivík einnig aðstoðaði ég Árna Jónsson PGA golfkennara við kennslu við GA. 2008 sá ég um kennslu á Sauðárkróki og Grenivík ásamt því að vera með David Barnwell við almenna kennslu við GA. Einnig er ég í afreksnefnd GA.

Þegar tími gefst svo til þá sinni ég áhugamáli mínu sem er golf og æfi og keppi eftir því sem tími og aðstæður leyfa.

## LEIÐBEINANDI:

### Oddur Valsson

Óla til aðstoðar verður Oddur Valsson. Odd þekkja flestir Skagfirðingar sem stunda golf. Hann spilaði með unglingalandsliðinu og hefur orðið íslandsmeistari í greininni. Undanfarið hefur Oddur spilað með GA en er kominn heim og viljum við bjóða hann velkominn til starfa hjá GSS.



## HLUTVERK UNGLINGANEFNDAR.

### *Hún:*

- veitir umsögn um samninga við þjálfara samkvæmt beiðni stjórnar GSS
- fundar reglulega með þjálfurum og fær fréttir af barna- unglिंगastarfinu, s.s. fjölda iðkenda, aldursdreifingu, kynjaskiptingu og nafnalista
- hvetur til þess að iðkendur setji sér raunhæf markmið varðandi framgang í golfþróttinni
- kynnir barna- og unglिंगastarf GSS fyrir foreldrum og heldur foreldrafundi
- undirbýr og skipuleggur unglिंगamót í samvinnu við þjálfara
- sér um skipulagningu uppskeruhátíðar
- skipuleggur ferðir á mót með þjálfara í samvinnu við foreldra, m.a. útvegur gistingu vegna sveitakeppni og sér um aðföng
- skipuleggur heimsóknir á nágrennavelli með þjálfara í samvinnu við foreldra
- sér um skipulagningu fjáraflana s.s. maraþons með þjálfara
- formaður nefndarinnar er tengiliður inn í stjórn GSS og flytur ársskýrslu á aðalfundi
- ritari skráir fundi í fundagerðabók

## HLUTVERK ÞJÁLFARA.

### *Hann:*

- sér til þess að allir njóti sín á æfingum og á mótum enda séu þeir fullgildir aðilar að GSS
- er hvetjandi og uppbyggjandi við hina ungu kylfinga jafnt þegar vel gengur og á móti blæs
- fylgist með gengi barnanna/unglinganna og hefur samband við foreldra þegar þurfa þykir í samráði við unglिंगanefnd
- fundar með unglिंगanefnd a.m.k. tvisvar í mánuði og gefur skýrslu um stöðu mála
- undirbýr foreldrafundi og aðrar kynningar með unglिंगanefnd



- heldur uppi jákvæðum aga á æfingum og á mótum og gætir þess að hafa stjórn á skapi sínu innan um börnin/unglingana eða þar sem þeir sjá og/eða heyra til þar sem hann er fyrirmynd barnanna í golfþróttinni
- sér um skipulagningu fjáraflana s.s. maraþons með unglínganefnd
- sér um skipulagningu ferða og móta með unglínganefnd
- sér um skráningu í sveitakeppni
- heldur utan um hópinn á mótum þar sem hann hvetur og styður krakkanna

### ALMENNAR HEGÐUNARREGLUR:

- iðkendur og þjálfarar skulu ávallt koma fram af kurteisi og virðingu og vera til fyrirmyndar í allri framkomu
- klæðst skal viðeigandi fatnaði og almenn snyrtimennska í hávegum höfð.
- iðkendum ber að fara eftir fyrirmælum þjálfara síns og vallarstjóra þ. e. eins og þeim er framast unnt og eðlilegt telst.
- iðkendum og þjálfara ber að sýna meðspilurum sínum og þeirra aðstoðarfólki / þjálfurum almenna kurteisi.
- iðkendur og þjálfarar skulu mæta stundvíslega á æfingar og nota tímann vel.
- iðkendur og þjálfarar skulu kappkosta við að ganga vel um alla aðstöðu golfklúbbsins, skála, skýli, æfingasvæðið og golfvöllinn sjálfan. Kyllingar eru hvattir til þess að skilja einungis eftir sig rusl í ruslafötum, setja torfusnepla í för og laga boltaför á flötum.
- kyllingum ber að halda eðlilegum leikhraða.





- ekki skal fara með golfpoka eða kerrur inn á flatir eða teiga.
- ef iðkendur eða þjálfarar verða uppvísir að því að brjóta þessar reglur eða aðrar sem eru í gildi í það skiptið hjá GSS mun unglínganefnd/stjórn GSS fjalla um málið.
- reglur þessar eru settar svo öllum hlutaðeigandi sé ljóst hlutverk þeirra og ábyrgð.

### STYRKTAÐILAR AÐ BARN- OG UNGLINGASTARFI GSS



Sveitarfélagið  
Skagafjörður



Golfklúbbur Sauðárkróks – Hlíðarendavelli - 550 Sauðárkróki.



## DAGATAL

2009

JÚNÍ '09						
S	M	Þ	M	FI	FÖ	L
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30				

7.JÚNÍ; FORELDRAFUNDUR OG  
MARKAÐSDAGUR

12. OG 26.JÚNÍ; FÖSTUDAGSMÓT

21.JÚNÍ –

NORDURLANDSMÓTARÖÐIN; DALVÍK

JÚLÍ '09						
S	M	Þ	M	FI	FÖ	L
			1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	

5.JÚLÍ - NORDURLANDSMÓTARÖÐIN;  
NÝPRENT-OPEN, SAUÐÁRKRÓKI

10. OG 24.JÚLÍ; FÖSTUDAGSMÓT

14.-17.JÚLÍ; MEISTARAMÓT GSS

31.-2.ÁGÚST; UNGLINGALANDSMÓT UMFÍ

ÁGÚST '09						
S	M	Þ	M	FI	FÖ	L
						1
2	3	4	5	6	7	8
9	10	11	12	13	14	15
16	17	18	19	20	21	22
23	24	25	26	27	28	29
30	31					

5.ÁGÚST-

NORDURLANDSMÓTARÖÐIN; ÓLAFSFIJÖRÐUR

7.ÁGÚST; FÖSTUDAGSMÓT

13.-16.ÁGÚST- SVEITAKEPPNI GSÍ 16ÁRA OG  
YNGRI

30.ÁGÚST- NORDURLANDSMÓTARÖÐIN;  
AKUREYRI

- VINADAGUR – EF VIÐ HÖFUM TÍMA TIL Í SUMAR MUNUM VIÐ BJÓÐA TIL OKKAR VINUM OG KRÖKKUM ÚR DREIFBÝLINU.



NORÐURLANDSMÓTARÖÐIN

## Reglur um barna- og unglingamótaröð á Norðurlandi 2009

## 1. Barna – og unglingamótaröð verður haldin á eftirfarandi stöðum á Norðurlandi sumarið 2009.

- ✓ Sunnudaginn 21.júní á Dalvík
- ✓ Sunnudaginn 5. júlí á Sauðárkróki; NÝPRENT-OPEN
- ✓ Miðvikudaginn 5. ágúst á Ólafsfirði
- ✓ Sunnudaginn 30. ágúst á Akureyri

## 2. Aldursflokkar verða eftirfarandi

- a) Börn 14-16 ára (stráka- og stelpuflokkur) spila 18. holar af teigum.
- b) Börn 12-13 ára (stráka- og stelpuflokkur) spila 18 holar af teigum.
- c) Börn 11 ára og yngri (stráka og stelpuflokkur) spila 9 holar af teigum.
- d) Byrjendaflokkur (mega vera á öllum aldri) spila 9 holum af sérmerktum teigum á brautum.

Miðað er við fæðingarár barna þannig er elsti flokkurinn miðaður við börn fædd 1993-1995 o.s.frv. Vegna sérstakra aðstæðna verður heimild að stytta keppni, t.d. vegna veðurs eða mikils fjölda keppenda. Einkum er þá horft til þess að heimilt sé að börn 12-13 ára spili aðeins 9 holar.

## 3. Gefin verða stig fyrir hvert mót í öllum flokkum:

- |                 |                 |
|-----------------|-----------------|
| 1. sæti 20 stig | 6. sæti 8 stig  |
| 2. sæti 17 stig | 7. sæti 6 stig  |
| 3. sæti 14 stig | 8. sæti 5 stig  |
| 4. sæti 12 stig | 9. sæti 4 stig  |
| 5. sæti 10 stig | 10. sæti 3 stig |

Aðrir fá tvö stig fyrir þátttöku í mótinu



GOLF ER FYRIR ALLA  
- BARA GAMAN

11

## Verðlaun

Þrjú bestu mót gilda til stiga í mótariðinni og verða verðlaun fyrir mótariðina í heild veitt á lokamótinu á Akureyri 30. ágúst. Einnig verði veitt verðlaun í hverju móti nándarverðlaun og verðlaun fyrir vipp og þútt eftir því sem heimaklúbbar ákveða. Þá verða einnig veitt í hverju móti verðlaun fyrir þrjú efstu sæti í hverjum flokki.

## AÐALSTYRKJARADILI MÓTSINS Á SAUÐÁRKRÓKI



### EINKAKENNSLA Í GOLFÍ:

Í samráði við Ólaf golfkennara er hægt að fá einkatíma í golfkennslu með því að hringja í síma: 659 9815.

Jafnframt verður boðið upp á námskeið fyrir þyrjendur í sumar.



Golfklúbbur Sauðárkróks – Hlíðarendavelli - 550 Sauðárkróki.

## GOLFVÖRUR

Skagfirðingabúð býður félögum í GSS 20% afslátt af golffatnaði frá ZO ON. Hægt er að fá merki félagsins samað í fatnaðinn, en taka ber fram að greiða þarf sérstaklega fyrir þá þjónustu.

Einnig er verslunin með á boðstólnum kyfusetum frá US-KIDS fyrir börn og unglina.

Óli þjálfari er einnig með Ping Moxie kyfuset til sölu.



Við ráðleggjum foreldrum að velja rétta stærð af golfkyfum og er best að gera það í samráði við þjálfara.

Við hjá unglingaráðinu höfum í hyggju að vera framvegis með „notað/nýtt“ markað um mánaðarmótin maí/júní og geta foreldrar komið með sett/kyfur sem ekki er verið að nota.

**Í ÁR VERÐUR MARKAÐURINN  
SUNNUDAGINN 7. JÚNÍ NK.**

